

## Jafnréttisstefna Arion banka

Stefna Arion banka er að hámarka mannauð sinn með fjölbreyttum hópi starfsfólks og með því að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks án tillits til kyns, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, litarhafts, aldurs, fötlunar eða trúar, eða annarrar stöðu. Starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og markmið stjórnenda Arion banka er að allt starfsfólk fái notið sín.

Hvers kyns mismunun er í andstöðu við stefnu þessa og óheimil samkvæmt jafnréttislögum. Eftirfarandi atriði skulu höfð að leiðarljósi:

Laus störf í bankanum skulu standa öllum opin, óháð kyni eða annarri stöðu líkt og kveðið er á um í stefnu þessari.

Staða skal ekki hafa áhrif á tækifæri starfsfólks til starfsframa, starfsþjálfunar og endurmenntunar.

Stefnt skal markvisst að kynjajafnvægi á öllum starfssviðum bankans til að njóta sjónarmiða beggja kynja. Stuðla skal að því að störf flokkist ekki í sérstök karla-og kvennastörf.

Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu eftir því sem mögulegt er. Allt starfsfólk skal hvatt til að nýta fæðingarorlofsrétt sinn.

Lögð er áhersla á að kynna efni sem veitt getur innblástur til góðra verka í jafnréttismálum.

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi skal aldrei liðið.

Bankinn leggur áherslu á að starfsfólk allra starfseininga komi fram við hvert annað af virðingu og gæti jafnréttissjónarmiða í hvívetna.

Bankinn hefur sett sér jafnlaunastefnu og hlotið jafnlaunavottun með það fyrir augum að tryggja jöfn kjör fyrir jafn verðmæt störf starfsfólks og gagnsæi í launaákvörðunum.

## Jafnlaunastefna

Það er stefna Arion banka að fylgja jafnréttislögum nr. 10/2008, með síðari breytingum og öllum öðrum reglum og lögum um að konum og körlum sé ekki mismunað og að einstaklingar skulu fá greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Til þess að styðja við jafnlaunastefnuna, fer bankinn eftir íslenska staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi en samkvæmt staðlinum skulu launaviðmið vera fyrirfram ákveðin og hvorki fela í sér beina eða óbeina kynbundna mismunun, né heldur mismunun á grundvelli annarra þátta svo sem kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða eða þjóðernis. Stefna þessi skal ná til alls starfsfólks.

Í samræmi við lög og til þess að tryggja eftirfylgni og stöðugar umbætur, skuldbindur bankinn sig til að öðlast jafnlaunavottun að undangenginni úttekt vottunaraðila á jafnlaunakerfi bankans og gera úrbætur þegar þess er þörf.

13. apríl 2018

  
Höskuldur H. Ólafsson